

Sþ.

90. Tillaga til þingsályktunar

[83. mál]

um áætlanagerð í flugmálum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinnsson, Jón Skaftason, Steingrímur Hermannsson,
Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera fjögurra ára framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um flugmál.

Greinargerð.

Hugmyndin með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er, að gerð verði langtímaáætlun um þróun flugmála og slík áætlun verði lögð fyrir Alþing eins og vegáætlun og hafnaáætlun. Enginn vafi er að mikill fengur er að slíkri áætlun um þennan þátt samgangna. Nauðsynlegt mun reynast að tryggja tekjustofna til framkvæmda í flugmálum og tæpast verjandi til lengdar að ríkissjóður afli tekna af þessum þætti samgangna, svo sem farþegagjalds, nema það renni til flugmála.

Flug gegnir æ stærri þætti í samgöngumálum þjóðarinnar, en fjárveitingar til þessa málaflokks hafa verið rýrar og margt ógert á þessu sviði.

Flugmálaáætlun mundi marka stefnu í flugmálum næstu ára og setja þær framkvæmdir fremstar, er forgang eiga að hafa.

Áætlunin þyrfti m. a. að taka til eftirfarandi atriða:

- a) Fjármögnunar.
- b) Flokkunar flugvalla.
- c) Flugvallagerðar.
- d) Flugskýla, flugstöðva og viðhaldsaðstöðu.
- e) Öryggisbúnaðar flugvalla og flugumferðarþjónustu.